

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10.12.2019  
Tilvísun: 201911-0107/0.03.02

**Efni: Umsögn Vinnueftirlitsins um frumvarpi til laga um vernd uppljóstrara, 362. mál.**

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara, 362. mál., sem barst með tölvubréfi, dags. 19. nóvember 2019.

Vinnueftirlitið fagnar frumvarpi til laga um vernd uppljóstrara og telur að verði það að lögum muni það stuðla að aukinni vinnuvernd í landinu með því að tryggja starfsmönnum sem kvarta til Vinnueftirlitsins aukna vernd.

Vinnueftirlitið vill þó vekja athygli á því að þær breytingar sem a. liður 2. tölul. 7. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir eru til komnar vegna mistaka við lagasetningu. Nánar tiltekið þá felldu lög nr. 71/2019 úr gildi sérstakt þagnarskylduákvæði 2. mgr. 83. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, en ákvæðinu hafði áður verið bætt við lögum með breytingarlögum nr. 75/2018. Hið sérstaka þagnarskylduákvæði var ætlað að tryggja aukna þagnarskyldu starfsmanna Vinnueftirlitsins vegna umkvartana sem stofnuninni berast og þannig tryggja trúnað við þá sem leita til stofnunarinnar. Til þess að leiðrétta þessi mistök þá er gert ráð fyrir að þrír málsliðir bætist við 2. mgr. 83. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem eru efnislega samhljóða fyrra ákvæði.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði þess taki gildi 1. janúar 2021. Þar sem önnur sjónarmið gilda um a. lið 2. tölul. 7. gr. frumvarpsins en um önnur ákvæði frumvarpsins og nauðsynlegt er að tryggja umrædda þagnarskyldu starfsmanna Vinnueftirlitsins vegna umkvartana sem berast stofnuninni án ástæðulausrar tafar, þá mælir Vinnueftirlitið eindregið með því að kveðið verði á um að a. liður 2. tölul. 7. gr. frumvarpsins taki gildi um leið og frumvarpið verði samþykkt á Alþingi.

Þess skal getið að Vinnueftirlitið hefur lagt þessar breytingartillögur undir forsætisráðuneytið og styður ráðuneytið þær.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlitið engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllt,  
fh. Vinnueftirlitsins,

  
Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir

  
Brynjar Þór Jónasson